

45 úrskurð á málið á fundi sínum í júnímánuði 1887, að ákvörðun sýslunefndarinnar í
 18. marz Húnavatnssýslu skyldi standa óröskuð að því leyti að áreiðarkostnaðinn skyldi greiða úr sveitarsjóði Vindhælishrepps, og virðist svo sem þjer, herra amtmaður í áðurnefndu brjefi yðar viljið einkanlega styðja þennan úrskurð með því, að hinn umræddi almenningur sje eign Vindhælishrepps alls til móts við Skefilsstaðahrepp, en eigi að eins einstakra jarða í honum, og að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi óbeinlínis samþykkt áreiðina, með því að fara fram á það við amtsráðið, að áreiðarkostnaðurinn væri færður niður.

Jeg get nú ekki fallist á það, að hreppsnefnd Vindhælishrepps hafi á neinn hátt samþykkt áreiðina eða áreiðarkostnaðinn fyrir hönd sveitarsjóðsins, því slíkt samþykki verður hvorki leitt af því atviki, að sýslunefndarmaðurinn úr Vindhælishreppi bar málið upp á sýslufundi Húnavatnssýslu 23. febrúar 1885 nje af því, að hreppsnefndin fór til vara fram á það við amtsráðið að það færði niður áreiðarkostnaðarreikningana, enda hefur hreppsnefndin engin afskipti haft af áreiðinni. En þar sem málið liggur þannig fyrir, verð jeg að vera amtsráðinu samdóma um, sbr. brjef yðar til sýslumannsins í Húnavatnssýslu dagsett 18. júní 1887, að sýslunefndina hafi með öllu brostið heimild til, hvort sem optnefndur almenningur er eign einstakra jarða í Vindhælishreppi eða hreppsins alls, að hlutast til um áreið á merki á almenningnum og til að leggja kostnað af slíkri áreið á hreppssjóð. Skulu því hjerumræddar ályktanir amtráðs og sýslunefndar, að því leyti sem þeim er áfrýjað, úr gildi felldar.

Þetta tilkynnist yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

46 Brjef landshöfðingja til biskupsins um skiptingu bráðabirgðaruppbótar til fá-
 19. marz tækra prestakalla. — Samkvæmt tillögum yðar háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, vil jeg hjer með fallast á, að eptirnefndum prestaköllum verði af fje því, sem ræðir um í 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna fyrir árin 1888 og 1889, veitt bráðabirgðaruppbót sú, fyrir næstkomandi fardagaár, sem hjer segir:

1. Staður í Grindavík	300 kr.
2. Staður í Aðalvík	600 —
3. Tjörn á Vatnsnesi	300 —
4. Miðgarður í Grímsey	400 —
5. Höfði	100 —
6. Lundarbrekka	300 —
7. Sauðlauksdalur	250 —
8. Skarðsping	250 —
9. Stafafell í Lóni	200 —
	2700 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða að tilkynna yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, og skal jeg um leið geta þess, að jeg hefi í dag lagt fyrir landfógetann að greiða uppbótarfje þetta úr jarðabókarsjóði á venjulegan hátt.

47 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um þókn-
 20. marz un fyrir rittföng hreppstjóra. — Hreppstjórinn í Glæsibæjarhreppi í Eyjarfjarðarsýslu